

Fyrsta íslenska bókin um bankahrunið

Eftir Björn Bjarnason

Síðasta vetrardag birtist fyrsta bókin um íslenska bankahrunið Sofandi að feigðarósi eftir Ólaf Arnarson, sem var á sínum tíma framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna, síðan aðstoðarmaður Ólafs G. Einarssonar, menntamálaráðherra. Þá hefur hann unnið í London hjá Dresdner Kleinwort Benson og Lehman Brothers, en sá banki varð gjaldþrota um miðjan september 2008. Ólafur starfaði hins vegar við bankahrunið hjá Landic Proprety, einu af Baugs-fyrirtækjunum. Þegar Landic dró saman seglin, ákvað hann að rita bók um hrunið, sem yrði hvorki sagnfræðiritgerð né hagfræðiúttekt. Markmið hans var að skrifa sögu, sem „gæti gripið lesandann og haldið honum,“ eins og Ólafur segir í formála. Hann ætlaði ekki að liggja á skoðun sinni heldur láta „staðreyndirnar leiða mig og reyna því að vera trúr þeirri atburðarás sem raunverulega átti sér stað.“

Í formála bókarinnar segir einnig:

„Eftir því sem ég kafaði dýpra undir yfirborð bankahrunsins og aðdraganda þess varð mér ljóst að ábyrgðin á íslenska bankahruginu og aðdraganda þess varð mér ljóst að ábyrgðin á bankahruginu hvílir að vissu leyti á gömlum vinum mínum og samstarfsmönnum. Þessa bók var ekki hægt að skrifa öðruvísi en draga það fram. Mér varð það glögglega ljóst að í bankahruginu og aðdraganda þess fólst eins konar upphaf að lokauppgjöri í örlagasögu nokkurra manna, örlagasögu sem hefur haft mótandi áhrif á íslenskt samfélag um margra ára skeið og haft úrslitaáhrif á það hvar menn skipa sér í sveit í málefnum líðandi stundar.“

Við lestur bókarinnar er auðvelt að komast að þeirri niðurstöðu, að þetta uppgjör í „örlagasögu nokkurra manna“ hafi orðið það, sem vakti mestan áhuga Ólafs, þegar hann hóf að rita bók sína, því að hún snýst að verulegu leyti um Davíð Oddsson og mynd helstu gagnrýnenda hans af honum, þeirra, sem rekja upphaf og endalok íslenska fjármálakerfisins til hans.

Í kynningu á bók sinni sagði Ólafur meðal annars í sjónvarpsviðtali, að sér sýndist stundum eins og Geir H. Haarde væri haldinn nokkurs konar heilkenni þess, sem hefði verið lengi í skugga sterks leiðtoga og næði ekki að fóta sig þegar hann stigi sjálfur fram í sviðsljósið. Að sjálfsögðu tókst Geir H. Haarde að fóta sig, eftir að hann tók við af Davíð. Þessi orð Ólafs eiga við um bók hans, því að hún ber öll einkenni Davíðs-heilkennisins.

Bankahruginu verða ekki gerð skil, nema höfundur verksins hristi af sér Davíðs-heilkennið. Ólafur Arnarson er þungt haldinn af því allan tímann, á meðan hann skrifar bók sína og þar er meira að segja einn kafli helgaður ævi og störfum Davíðs og ber hann fyrirsöguna: „Með klofinn hjálm og rofinn skjöld“. Lýsir hún hug Ólafs í garð Davíðs.

Heiti bókarinnar +Sofandi að feigðarósi- lýsir einnig hugmynd Ólafs um stjórn íslenskra peningamála í aðdraganda bankahrunsins. Í lýsingu hans kemur hins vegar fram, að eftir harða gagnrýni á bankana í

ársbyrjun 2006 fyrir ógagnsæi, slaka upplýsingagjöf og krosseignatengsl hefðu íslensk stjórnvöld gripið til gagnráðstafana. Samráðs- og viðbragðshópur hefði verið stofnaður með þátttöku fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, seðlabanka og fjármálaeftirlits. Snemma árs 2008 hefði hópurinn fengið Andrew Gracie til liðs við sig, viðurkenndan breskan sérfræðing með starfsreynslu við gerð viðbragðsáætlana hjá Bank of England og eiganda ráðgjafafyrirtækisins CMA (Crisis Management Analytics). Hann hafi teiknað upp viðbúnaðaráætlun og með honum hafi verið unnið að því að setja upp sviðsmyndir um það, sem kynni að gerast, ef allt færi á hinn versta veg. Þá stofnaði seðlabankinn eigin viðbúnaðarhóp, sem naut einnig ráða frá Gracie.

Ólafur segir frá því, að þessir sérfróðu embættismenn og breski ráðgjafinn hefðu sérstaklega velt fyrir sér, hvað kynni að gerast 15. október 2008, þegar kæmi að stórum endurfjármögnunargjaldþaga Glitnis, en vitað var um hann með tveggja og hálfis árs fyrirvara. Eins og kunnugt er hrundi Glitnir síðustu helgina í september, þegar ljóst var, að hann yrði ekki endurfjármagnaður og viku síðar var gripið til neyðarlaga, sem fyrrgreindur samstarfshópur og Gracie höfðu samið. Af þessu tilefni segir Ólafur:

„Það er því óhætt að fullyrða að Seðlabankinn og stjórnvöld voru viðbúin því í langan tíma að hér gæti komið upp krísuástand vegna fjármögnunar íslenskra banka.“

Þegar þetta er lesið, vaknar spurningin um, hver hafi í raun flotið sofandi að feigðarósi. Snýr ekki svarið að þeim, sem héldu um púlsinn í hverjum banka fyrir sig. Tóku þeir sjálfir nægilega mikið mark á atburðunum fyrri hluta árs 2006?

Ólafur segir á blaðsíðu 145:

„Hrunið hér á Íslandi var auðvitað afleiðing af alþjóðlegri fjármálakreppu sem skall á öll ríki heims en varnir okkar voru langt innan við það sem eðlilegt hefði verið miðað við áhættu. Það er staðreynd að við byggðum hér upp borg þar sem undirstöðurnar voru svo veikar að harla lítið þurfti út af að bera áður en allt hryndi ofan á okkur.“

Oft mætti ætla af frásögn Ólafs, að hann gleymdi þessu grundvallaratriði í leit sinni að „sökudólgi“. Við lýsingu á grundvallarþáttum þess, sem raunverulega gerðist, styðst hann við tvær skýrslur, annars vegar eftir Ingimund Friðriksson, þáv. seðlabankastjóra, frá 6. febrúar 2009 og hins vegar við skýrslu hagfræðinganna Gylfa Zoëga og Jón Daníelsson frá 9. febrúar 2009. Birtir hann kafla úr þessum skýrslum og bætir við eigin athugasemdum.

Ólafur segir frá ríkisstjórnarfundum 30. september 2008, þegar Davíð Oddsson lýsti mati sínu á stöðu mála eftir hrun Glitnis. Frásögn Ólafs sýnir, að hann hefur ekki haft nógu trausta heimildarmenn.

Bókin er 247 bls. kilja og er JVP útgáfa útgefandi. Bókin Manni sýndist það stundum eins og Geir væri haldinn nokkurs konar heilkenni þess sem hefur verið lengi í skugga sterks leiðtoga og nær ekki að fóta sig þegar hann stígur sjálfur fram í sviðsljósið ber þess merki, að hún er rituð í kappi við tímann og við atburðarás, sem enn er að skýrast. Þess vegna hefur höfundur ekki gefist tóm til að líta á málavöxtu úr nægilega mikilli fjarlægð til að ná utan um þá á skipulegan hátt. Textinn er læsilegur og frágangur góður.